

Æskulýðsnefnd Rótarý starfsárið 2014 – 2015

Nefndin var þannig skipuð:

Hanna María Siggeirsdóttir formaður	Rkl. Reykjavík Miðborg
Ásta Björg Björnsdóttir, ritari	Rkl. Mosfellssveitar
Klara Lía Hervaldsdóttir	Rkl. Görðum
Una Eyþórsdóttir	Rkl. Reykjavík Austurbær
Kristján Leifsson,	Rkl. E-Rótarý
Auk þess Fríður Halldórsdóttir	Rótaractkl. Geysir

Starf nefndarinnar var töluvert á árinu og voru haldnir 12 nefndarfundir á starfsárinu. Fundir eru oftast haldnir í á mánudögum kl.17.15 á skrifstofu Rótarýumdæmisins.

1 stór heilsdags vinnufundur var haldinn á starfsárinu. Ennfremur hittist æskulýðsnefndin og verðandi íslenskir skiptinemar 2svar til að undirbúa skiptinema árið í erlendu landi, ásamt því að hitta erlendu skiptinemana nokkrum sinnum yfir veturinn.

Sumarbúðir á Íslandi

Á starfsárinu var stofnuð sérstök sumarbúðanefnd, sem sá um undirbúning og framkvæmd sumarbúða á Íslandi 19.-28. júní 2015. Í nefndinni voru: Hanna María Siggeirsdóttir, Klara Lía Hervaldsdóttir, Tryggvi Pálsson og Fríður Halldórsdóttir.

Þátttöku klúbbar voru: Rkl. Keflavík, Selfoss, Ragnæinga, Vestmannaeyja, Miðborg, Austurbær, Görðum, Borgir og Hafnarfirði. Auk þess styrktu nokkrir klúbbar æskulýðsstarfið og eiga allir þessir klúbbar þakkir skilið fyrir vinnuna og framlagið.

Heiti sumarbúðanna var "Eldur og ís" og fengu þátttakendur heilmikinn fróðleik með því að fara um Reykjanesið og suðurlandið til Vestmannaeyja og þaðan yfir Geysi og Þingvöll vestur. Eftir dvöl og ferð um Snæfellsnes var gíst í Garðabæ og Reykjavík skoðuð.

Tvö ungmenni komu frá Tyrklandi og Ítalíu en eitt ungmenni kom frá Noregi, Rúmeníu, Slóveníu, Hollandi, Litháen, Tékklandi og Frakklandi.

Fimmta þjónustuleiðin

Lögð er áhersla á að rótarýklúbbar hafi ungmennaþjónustunefnd sem eina af fastanefndum sínum. Hvetjum við í æskulýðsnefndinni alla klúbba til að gefa íslenskum ungmendum tækifæri til að fara út í heim og víkka sjóndeildarhring sinn og koma heim sem betri þegnar og sem Rótarýfélagar framtíðarinnar.

Alþjóða Rótarýhreyfingin hefur í vaxandi mæli lagt áherslu á ungmennastarf. Hún álítur það vera skyldu hvers félaga að aðstoða ungu kynslóðina, allt ungt fólk, yngri en 30 ára, við að bæta hæfni sína, til að tryggja sér betri framtíð og jafnframt að átta sig á því hve fjölbreyttar og ólíkar þarfir fólks eru og með því er stuðlað að friði í heiminum.

Skiptinemar

Þátttaka í ungmennaskiptum og æskulýðsstarfi er alþjóðlegt verkefni fyrir rótarýklúbba. Ef klúbbur sendir íslenskan skiptinema til ársdvalar þá þarf sá klúbbur að taka á móti erlendum skiptinema á sama tíma og útvega tvö til þrjú heimili þar sem skiptineminn mun dvelja. Erlendi skiptineminn er því „fósturbarn“ klúbbsins og á að taka þátt í rótarýstarfinu, mæta á fundi klúbbsins og einnig á árshátíð og ferðir klúbbsins, eftir því sem við á, til að kynnast félögum. Einnig er hvatt til þess að klúbbfélagar bjóði skiptinemanum heim til sín og/eða í fjölskylduferðir. (Hestar, skíða, fjallgöngur, sund o.fl.)

Umsóknarfrestur fyrir langtímadvöl (u.þ.b. 10 mánuðir) erlendis er 1. desember ár hvert.

Umsóknarfrestur fyrir ungt fólk sem vilja gerast skiptinemar næsta skólaár, þ.e.a.s. frá hausti 2016 til vors 2017, rennur út 1. desember 2015. Unglingar fæddir 1998 og 1999. Umsóknareyðublöð er ekki lengur að finna á netinu og þarf að nálgast það annaðhvort hjá æskulýðsnefndinni eða klúbbstjórnunum. Hinnsvegar er hægt að finna allar upplýsingar um skiptinemastarfið á netinu undir slóðinni: www.rotary.is/ungmennastarf.

Skiptinemar og móttökuklúbbar veturinn 2015-2016 eru:

Aðeins eitt íslenskt ungmenni fór á vegum rótarýumdæmisins sem skiptinemi síðasta skólaár til USA, Aðalheiður Maack Lárusdóttir. Á móti kom stúlka frá USA, Kathryn Jean Trahn, en Rkl. Austurbær sá um þessa skiptinema.

Sumarbúðir erlendis

Æskulýðsnefnd umdæmisins fær á hverju ári um 60-80 boð fyrir ungmenni í sumarþúðir í yfir þrjátíu löndum. Listinn er sendur öllum forsetum klúbba í byrjun mars ár hvert og einnig er hann að finna á heimasíðu Rótarý www.rotary.is. Oftast er einn þátttakandi frá hverju landi í hverjum þúðum og því er þetta frábær leið fyrir ungt fólk að kynna öðru ungu fólk frá hinum ýmsu löndum. Í hverjum hópi eru frá 10-18 manns. Ungu fólkinu er boðið á rótarýfund þar sem það kynnir sig, afhendir og tekur við rótarýfána og segir frá hvaða landi það kemur. Í sumarþúðunum hafa oft myndast ævilöng kynni fólks.

Síðastliðið sumar fóru 5 ungmenni á vegum rótarýklúbba í sumarþúðir erlendis.

Æskulýðsnefnd hvetur formenn klúbbanna sem sendu ungt fólk til lengri eða skemmri dvalar erlendis, til að bjóða þeim á fundi til sín til að segja frá upplifun sinni (hægt væri að tengja slíka heimsókn kynningu á æskulýðsstarfsemi Rótarý).

Family to family

Nú í sumar 2015 fór ekkert ungmenni frá Íslandi í þessi skammtímaskipti, en þetta er mjög sniðugt leið til tungumálanáms og tengslmyndunarí skólafríum unglinganna.

Georgíustyrkur til ársdvalar

Á hverju ári veita rótarýklúbbar í Georgíu, USA um 90 styrki til 18 -24 ára ungmenna alls staðar að úr heiminum til dvalar í eitt skólaár við háskóla í fylkinu. Yfir 70 Íslendingar hafa hlotið þennan styrk frá byrjun að jafnaði 1-4 á ári, en styrkurinn var fyrst veittur árið 1946.

Upplýsingar um styrkinn má finna á netinu, slóðinni, www.rotary.is og einnig hjá æskulýðsnefnd eða skrifstofunni.

Umsóknarfrestur er til 1. október ár hvert fyrir næsta skólaár á eftir. Gaman er að segja frá því að skólaárið 2015-2016 verður Andrea Ósk Sigurbjörnsdóttir á þessum styrk. En hún hefur farið fjórum sinnum í sumarþúðir Rótarý.

EEMA

Alþjóðasamskipti nefndarinnar fara í gegnum EEMA samstarfið sem eru samtök æskulýðsnefnda Rótarýumdæma. Á hverju ári, kringum fyrstu helgina í september, er haldin ráðstefna þar sem fulltrúar æskulýðsnefndanna sem eru aðilar að EEMA hittast og bera saman bækur sínar. Í ágúst 2015 var EEMA ráðstefnan haldin í Antalya, Tyrklandi og sóttu tveir fulltrúar æskulýðsnefndarinnar ráðstefnuna. Yfir 250 þátttakendur voru á þessari ráðstefnu.

Næstu EEMA ráðstefnur verða í eftirfarandi löndum: Finnlandi 2016 og Pállandi 2017.

Kynning á æskulýðsstarfi Rótarý.

Á hverju ári hefur einhver úr æskulýðsnefnd kynnt æskulýðsstarf Rótarý á PETS móti og formóti umdæmisþings. Klúbbar geta einnig nálgast kynningarefni um æskulýðsstarfið á skrifstofu rótarýumdæmisins og á heimasíðu Rótarý. Nefndarmenn æskulýðsnefndar hafa einnig heimsótt klúbba og kynnt hvað Rótarý hefur að bjóða ungu fólk. Á starfsárinu voru haldnar nokkrar kynningar.

Heimasíða

Á www.rotary.is má sjá fréttir af starfi æskulýðsnefndar undir liðnum „Ungmennastarf“.

Fréttabréf

Á hverju hausti, síðastliðin ár, hefur æskulýðsnefnd sent öllum formönnum rótarýklúbba fréttabréf með helstu upplýsingum um störf nefndarinnar. Þar er að finna upplýsingar er varðar starfsemi nefndarinnar.

Æskulýðsnefnd þakkar öllum þeim sem veitt hafa nefndinni aðstoð með einum eða öðrum hætti á liðnu starfsári.

Fyrir hönd æskulýðsnefndar,
Hanna María Siggeirsdóttir, formaður.

hanna@apotek.is

S.893-3141